

Notkunarleiðbeiningar

Práðlaus orku- og veðurstöð
2350 ..

GIRA

Efnisyfirlit

Öryggisleiðbeiningar	3
Fyrirhuguð notkun	3
Yfirlit yfir kerfið	4
Virkni hnappa	6
Rafhlöður settar í og skipt um þær	7
Þráðlausar einingar tengdar	8
Tengingu eytt	9
Stillingar í grunnstillingavalmynd	10
Grunnstillingavalmynd - notkun	11
Uppsetning orku- og veðurstöðvar	12
Orku- og veðurstöðin tekin niður	12
Yfirlit yfir skjá	13
Lýsing á skjátáknum	14
Skýring á svæðum á skjá	15
Yfirlit yfir upplýsingar sem hægt er að sýna	19
Sending gagna og truflanir	21
Viðhald og þrif	23
Tæknilýsing	23
Tafla til að nota þegar tækið er tekið í notkun	24
Ábending um förgun	25
Samræmisyfirlýsing	25
Ábyrgð	25

Öryggisleiðbeiningar

Sjá upplýsingar um spennugjafa. Ekki má nota annars konar spennugjafa en lýst er í þessum leiðbeiningum.

Aldrei má hlaða venjulegar rafhlöður. Hætta er á sprengingu!

Fleygið rafhlöðum ekki í eld! Valdið ekki skammhlaupi á rafhlöðum!


Aðeins má nota tækið innandyr þar sem það er varið fyrir áhrifum raka, ryks, sólarljóss og hita.

Fyrirhuguð notkun

Orku- og veðurstöðin sýnir upplýsingar um hitastig, rakastig, veðurspár, orkunotkun, orkukostnað og losun koltvísýrings.

Ef tækið er notað með öðrum hætti en lýst er í þessum notkunarleiðbeiningum telst það vera röng notkun og falla ábyrgð vegna galla og skaðabótaábyrgð þá úr gildi. Þetta á einnig við um breytingar sem gerðar eru á tækinu.

Upplýsingarnar sem tækið sýnir eru ekki til þess fallnar að vera notaðar í læknisfræðilegum tilgangi eða til upplýsingar fyrir almenning. Tækið er eingöngu ætlað til einkanota.




(1) Orku- og veðurstöð



Orku- og veðurstöðin er aðaleiningin í orku- og veðurkerfi Gira, en hún sýnir upplýsingar um veður og orku sem sendar eru til hennar frá mismunandi tækjum í kerfinu.

Kerfið samanstendur af skynjurum (gasmælisskynjara, rafmagnsmælisskynjara eða LED-skynjara, útiskynjara), orku-breytistykki, LAN-breytistykki og orku- og veðurstöðinni.

(2) Rafmagnsmælisskynjari



Rafmagnsmælisskynjarinn mælir straum á mælum fyrir þrífasa og einfasa riðstraum með Ferraris-skífu og sendir gögnin til orku- og veðurstöðvarinnar.

(3) LED-skynjari



LED-skynjarinn mælir straum á rafrænum rafmagnsmælum á heimilum og sendir gögnin til orku- og veðurstöðvarinnar. Hægt er að tengja einn rafmagnsskynjara (rafmagnsmælisskynjara eða LED-skynjara) við orku- og veðurstöðina.

(4) Gasmælisskynjari



Gasmælisskynjarinn mælir gasnotkun á Elster þindargasmælum (hefðbundinn mælibúnaður með segulstýringu) og sendir gögnin til orku- og veðurstöðvarinnar.

(5) LAN-breytistykki



LAN-breytistykkið sækir veðurupplýsingar af netinu og sendir þær áfram til orku- og veðurstöðvarinnar.

(6) Orku-breytistykki



Orku-breytistykkið mælir straumnotkun á innstungunni sem það er tengt við og sendir gögnin til orku- og veðurstöðvarinnar.

Hægt er að tengja allt að þrjú orku-breytistykki við hverja orku- og veðurstöð.

(7) Útiskynjari



Útiskynjarinn mælir hita- og rakastigið í umhverfi sínu og sendir gögnin til orku- og veðurstöðvarinnar.

(8) Aflgjafi 230 V~



Aflgjafinn sér orku- og veðurstöðinni fyrir spennu úr 230 V AC veitukerfinu. Aflgjafinn er settur í rafhlöðuhólf orku- og veðurstöðvarinnar.

Virgni hnappa

Orku- og veðurstöðinni er stjórnað með fjórum hnöppum.

Í grunnstillingavalmyndinni er virgni hnappanna önnur en utan valmyndarinnar. Þegar grunnstillingavalmyndin er opnuð kemur það fram neðst á skjánum hvaða hlutverki hnapparnir gegna í valmyndinni.

The diagram shows a control interface with four buttons: "-", "Menu", "OK", and "+". Below these buttons are four labels: "Wetter", "Sensor", "Energie", and "Einheit". Below each label is an empty input box. The entire interface is enclosed in a rectangular frame.

Við venjulega notkun		Í grunnstillingavalmynd	
Hnappur	Virgni	Hnappur	Virgni
Weather	Til að sýna veðurspár	-	Til að fletta aftur á bak
Sensor	Til að velja gas- eða rafmagnsmælisskynjara eða orku-breytistykki	Menu	Aftur um eitt þrep í valmynd
Energy	Til að velja samanburðartímabil fyrir orkunotkun (dag, viku, ...)	OK	Til að staðfesta val
Unit	Til að velja mælieiningu (Euro, kWh, kg CO ₂ , ...)	+	Til að fletta áfram

Rafhlöður settar í og skipt um þær

Orku- og veðurstöðin gengur fyrir tveimur Alkaline-rafhlöðum (1,5 V af gerðinni LR6, Mignon, AA).

1. Ef þörf krefur skal taka orku- og veðurstöðina af uppsetningarplötunni: Til þess skal þrýsta neðra festihakinu á orku- og veðurstöðinni inn, t.d. með skrúfjárn, og taka hana um leið af uppsetningarplötunni.
2. Setjið tvær LR6 rafhlöður í rafhlöðuhólfið og gætið þess að skaut þeirra snúi rétt.
3. Festið orku- og veðurstöðina á uppsetningarplötuna.
4. Stillið dagsetningu og tíma (sjá hér á eftir).
Þegar orku- og veðurstöðin er notuð með LAN-breytistykki fær stöðin upplýsingar um dagsetningu og tíma frá LAN-breytistykkinu. Þarf þá ekki að færa inn stillingar fyrir dagsetningu og tíma hér.



Notið ekki hleðslurafhlöður

Orku- og veðurstöðin má eingöngu ganga fyrir Alkaline-rafhlöðum eða aflagjafa (aukabúnaður).

Ekki má nota hleðslurafhlöður.

Stilling á dagsetningu og tíma

Þegar rafhlöðurnar eru settar í verður að byrja á því að stilla inn dagsetningu og tíma. Hægt er að breyta stillingunum síðar undir "tiME" og "dAtE" í grunnstillingavalmyndinni.

✓ Ártalið í dagsetningunni blikkar.

1. Veljið ártalið með "+" eða "-".

2. Staðfestið með "OK".

✓ Ártalið hefur þá verið stillt inn og mánuðurinn blikkar.

3. Aðrar upplýsingar eru færðar inn með sama hætti:
dagur - mínútur - klukkustundir.

✓ Eftir síðustu staðfestingu með "OK" birtist dagsetningin á skjánum.

Þráðlausar einingar tengdar

Tengja verður þráðlausar einingar saman svo þær geti átt samskipti sín á milli.



LAN-breytistykki tengt

Áður en LAN-breytistykki er tengt þarf að velja sendingarrás ("LAN1" eða "LAN2") í valmynd orku- og veðurstöðvarinnar. "LAN1" er forstillt. Til að tengja rás 2 þarf að velja "LAN 2" í grunnstillingavalmyndinni.



Ábending um skynjara sem hafa þegar verið tengdir

Ef tengja á skynjara að nýju verður fyrst að eyða tengingunni sem er fyrir hendi (sjá "Tengingu eytt", bls. 9).

Setjið skynjarann eða breytistykkið í forritunarstillingu:

1. Það er gert með því að halda viðkomandi tengingarhnappi inni í þrjár sekúndur (sjá notkunarleiðbeiningar fyrir skynjara/breytistykki).

Setjið orku- og veðurstöðina í forritunarstillingu:

1. Haldið hnöppunum "Sensor" og "Energy" inni í meira en þrjár sekúndur til að opna grunnstillingavalmynd.
2. Staðfestið "SEnSo" með "OK".
3. Staðfestið "LEArn" með "OK".
- ✓ Orku- og veðurstöðin leitar þá að nýjum skynjurum og breytistykkjum.
- ✓ Tæki sem eru í forritunarstillingu birtast sem "Device gas, electricity, sensor 1,2,3", sem "LAN" eða sem "Outdoors".
4. Styðjið á "OK".
- ✓ Allir skynjarar sem fundust eru valdir og blikka.
5. Veljið einn tiltekinn skynjara eða alla skynjarana með "+" eða "-".
6. Staðfestið með "OK".
- ✓ Þegar tengingu hefur verið komið á sýnir orku- og veðurstöðin upplýsingarnar sem sendar eru til hennar. Ef engar nýjar upplýsingar hafa borist er "-88" á skjánum.

Af hverju er ekki hægt að tengja skynjara/breytistykki?

Ef ekki er hægt að tengja skynjara eða breytistykki við orku- og veðurstöðina er það hugsanlega vegna þess að tengingu fyrir skynjarann eða breytistykkið hefur þegar verið komið á (í ógáti eða með röngum hætti). Þarf þá fyrst að eyða þeim tengingum sem fyrir eru og stilla svo inn nýjar tengingar.

Tengingu eytt

Aðeins er hægt að eyða tengingu skynjara og breytistykkja á orku- og veðurstöðinni.

Til að eyða tengingu:

1. Halðið "Sensor" og "Energy" inni í meira en þrjár sekúndur til að opna grunnstillingavalmynd.
 2. Staðfestið "SEnSo " með "OK".
 3. Veljið "CLEAR" með "+" eða "-" og staðfestið með "OK".
 4. Veljið skynjarann sem á að eyða með "+" eða "-" og staðfestið með "OK".
- ✓ Valda skynjaranum er þá eytt og "SEnSo" birtist á skjánum.

Stillingar í grunnstillingavalmynd

Stillingum orku- og veðurstöðvarinnar er breytt í grunnstillinga-
valmyndinni. Eftirfarandi atriði standa til boða í valmyndinni:

Valmynd	Mögulegar stillingar
SEnSo LEArn CLEAr	Til að tengja skynjara eða eyða þeim Skynjarar eru tengdir Tengingum er eytt
tAuto on oFF	Dagsetning og tími fengin frá netgátt (með LAN-breytistykki) Dagsetning og tími eru fengin frá netgátt Dagsetning og tími eru ekki fengin frá netgátt
tiME	Stilling klukku
dAtE	Stilling dagsetningar
LAN LAN1 LAN2	Rásaval fyrir LAN-breytistykki LAN-breytistykkið er tengt við rás 1 LAN-breytistykkið er tengt við rás 2
Contr	Stilling birtuskila á skjá á bilinu 01-16
EL.Co	Raforkuverð á kílóvattstund fært inn
GAS.Co	Gasverð á kílóvattstund fært inn
GAS.F	Umreiknistuðull gas - kWh/m ³
EL.Co2	Magn (grömm) af CO ₂ / kWh af rafmagni (upplýsingar um losun CO ₂ eru fáanlegar hjá orkuveitu)
GAS.Co2	Magn (grömm) af CO ₂ / kWh af gasi (upplýsingar um losun CO ₂ eru fáanlegar hjá orkuveitu)
oLd.EL	Rafmagnsnotkun fyrra árs (rafmagnsmælisskynjari)
oLd.GAS	Gasnotkun fyrra árs (gasmælisskynjari)
dAt.EL	Reikningstímabil (rafmagnsmælisskynjari)
dAt.GAS	Reikningstímabil (gasmælisskynjari)
d.S.t. on oFF	Skipt sjálfkrafa milli sumar- og vetrartíma Skipt er sjálfkrafa milli sumar- og vetrartíma Ekki er skipt sjálfkrafa milli sumar- og vetrartíma
Euro on oFF	Gjaldmiðill fyrir upplýsingar um orkukostnað Evrur € Annar gjaldmiðill \$
t.oFF	Frávik hitastigs innandyrna
r-MEM	Endurstilling vistaðs orkugildis fyrir valinn skynjara
rESet	Orku- og veðurstöð endurstíllt á verksmiðjustillingu

Grunnstillingavalmynd - notkun

1. Haldið hnöppunum "Sensor" og "Energy" inni í meira en þrjár sekúndur til að opna grunnstillingavalmynd.
 - ✓ Á neðri hluta skjásins birtist texti sem sýnir hvaða hlutverki stjórnhnapparnir fjórir gegna í grunnstillingavalmyndinni.
 2. Flettið fram og aftur í valmyndinni með "+" og "-".
 3. Staðfestið valið með "OK".
 4. Styðjið á "Menu" til að fara á næsta þrep á undan í valmyndinni.
- Ef ekki er stutt á hnapp í 60 sekúndur er grunnstillingavalmyndinni lokað án þess að breytingar séu vistaðar.



Birting atriða í valmynd

Síðasta gildi sem stillt var inn birtist efst í valmyndaratriðum.

Dæmi: Birtuskil stillt

1. Haldið hnöppunum "Sensor" og "Energy" inni í meira en þrjár sekúndur til að opna grunnstillingavalmynd.
2. Veljið "Contr" með "+" eða "-".
3. Styðjið á "OK".
- ✓ Gildið sem stillt er á blikkar (t.d. "05").
4. Stillið birtuskilin með "+" eða "-" og staðfestið með "OK".
- ✓ Farið er aftur á næsta þrep fyrir ofan í valmynd ("Contr").

Dæmi: Raforkuverð á kilóvattstund fært inn

1. Haldið hnöppunum "Sensor" og "Energy" inni í meira en þrjár sekúndur til að opna grunnstillingavalmynd.
2. Veljið "EL.Co" með "+" eða "-".
3. Styðjið á "OK".
- ✓ Síðasta talan í raforkuverðinu sem færa á inn blikkar.
4. Stillið með "+" eða "-" og staðfestið með "OK".
- ✓ Næsta talan í raforkuverðinu sem færa á inn blikkar.
5. Aðrar upplýsingar eru færðar inn með sama hætti.
- ✓ Eftir síðustu staðfestingu með "OK" er farið aftur upp á næsta þrep fyrir ofan í valmynd ("EL.Co").

Uppsetning orku- og veðurstöðvar

Hægt er að setja orku- og veðurstöðina upp með eða án ramma. Ef setja á orku- og veðurstöðina upp á innfelldri dós verður að nota ramma við uppsetninguna.

Tvöfaldi óskipti ramminn fylgir ekki með.

Hér verður lýst uppsetningu með ramma. Uppsetning án ramma fer fram með hliðstæðum hætti.

Uppsetning á vegg

Áður en uppsetning fer fram skal ganga úr skugga um að engar leiðslur séu í veggnum.


1. Merkið fyrir festigötum.
2. Borið götin í vegginn og setjið múrtappa í.
3. Skrífið uppsetningarplötuna með rammanum á vegginn með tveimur skrúfum.
4. Festið orku- og veðurstöðina á uppsetningarplötuna.


Uppsetning í dós

1. Setjið uppsetningarplötuna með rammanum á innfelldu dósina.
2. Festið uppsetningarplötuna með rammanum með tveimur skrúfum á burðarhring innfelldu dósarinnar.
3. Festið orku- og veðurstöðina á uppsetningarplötuna.

Orku- og veðurstöðin tekin niður

Pegar taka á orku- og veðurstöðina niður skal þrýsta neðra festihakinu á henni inn með skrúfjárnri og taka hana um leið af uppsetningarplötunni.





Nr.	Tákn	Lýsing
Svæði ①		Svæði fyrir hita- og rakastig utandyrar
1	Skjár	Rakastig
2	Rafhlaða	Staða rafhlöðu fyrir útiskynjara "tóm"
3	Loftnet	Tekið er á móti merki frá útiskynjara
4	Skjár	Hitastig
Svæði ②		Svæði fyrir hita- og rakastig innandyrar
5	Skjár	Rakastig, orku- og veðurstöð
6	Rafhlaða	Staða rafhlöðu fyrir orku- og veðurstöð "tóm"
7	Skjár	Hitastig/rakastig
Svæði ③		Svæði fyrir veðurspá
8	Home	Orku- og veðurstöðin er tengd við LAN-breytistykkið sem rás 1
9	Veðrið	Veðrið sem spáð er
10	Skjár	Minnsta hitastig, rakastig, vindhraði eða líkur á regni
11	Loftnet	Samstilling við LAN-breytistykki
12	Skjár	Mesta hitastig, hitastigið hverju sinni
Svæði ④		Svæði fyrir orkunotkun
13	Dagur, vika, ...	Samanburðartímabil
14	Rafbúnaður	Skynjari sem er valinn Í forritunarstillingu: Tiltækir skynjarar
15	LAN, utandyrar	Í forritunarstillingu: Tiltækir skynjarar
16	Stika	Sýnir notkun samanborið við fyrra tímabil
17	Skjár	Kostnaður, CO ₂ -magn, rafmagnsnotkun (kWh), gasnotkun (m ³)
18	Loftnet	Tekið er á móti gögnum frá gasmælisskynjara, rafmagnsmælisskynjara og orku-breytistykki
19	Rafhlaða	Staða rafhlöðu fyrir orkuskyndjara "tóm"
20	Hnappar	Önnur virkni hnappa

Svæði ① - fyrir hita- og rakastig utandyra

Ef útiskynjari er tengdur við orku- og veðurstöðina sést loftnetstákn í hægra horninu efst á skjánum.



Ef LAN-breytistykki er tengt við orku- og veðurstöðina, en enginn útiskynjari, sést ekkert loftnetstákn á skjánum. Stöðin fær þá upplýsingar um útihita frá LAN-breytistykkinu (af netgátt).

Þegar rafhlöður útiskynjarans eru að tæmast birtist rafhlöðutáknið á skjánum.

Svæði ② - fyrir hita- og rakastig innandyra

Þegar rafhlöður orku- og veðurstöðvarinnar tæmast birtist rafhlöðutáknið á skjánum og ekki eru lengur sýndar upplýsingar á þessu svæði. Þess í stað eru aðeins sýnd strik. Verður þá að skipta um rafhlöðurnar í orku- og veðurstöðinni.




Svæði ③ - fyrir veðurspá

Ef LAN-breytistykki er tengt við orku- og veðurstöðina er stutt á hnappinn "Weather" til að sýna spána fyrir daginn og næstu þrjá daga á eftir.

Ef ekkert LAN-breytistykki er tengt sjást engin veðurtákn á skjánum. Þess í stað sést minnsta og mesta hitastig frá tengdum útiskynjara á skjánum. Þessi lágmarks- og hámarksgildi eru endurstíllt sjálfkrafa einu sinni á dag:

- minnsta hitastig kl. 7:30,
- mest hitastig kl. 19:30



Veðurtákn

Taflan hér við hliðina sýnir táknin sem notuð eru á veðurspáarsvæðinu.

Upplýsingar

Í hugbúnaði LAN-breytistykksins er hægt að stilla hvaða upplýsingar eru birtar á veðurspáarsvæðinu. Hægt er að velja eftirfarandi atriði:

1. Lægsta og hæsta hitastig
2. Hitastig og vindhraða
3. Hitastig og rakastig
4. Hitastig og líkur á rigningu

Veðrið	Tákn
Heiðskírt	
Léttskýjað	
Skýjað	
Alskýjað	
Þoka	
Skúrir	
Væta	
Rigning	
Óveður	
Slydduél	
Snjóél	
Slydda	
Snjókoma	

Svæði ④ - fyrir orkunotkun

Hér eru sýndar upplýsingar frá orkuskyngjurum.

Pegar lítill hleðsla er eftir á rafhlöðum valins skynjara birtist rafhlöðutáknid á skjánum.

Hægt er að sjá eftirfarandi upplýsingar um orkunotkun fyrir neðan lituðu stikuna:

- Orkunotkun í kílóvattstundum (kWh)
- Kostnað í evrum (€) eða öðrum gjaldmiðli (\$)
- Losun á CO₂ í kílógrömmum (kgCO₂)
- Gasnotkun í m³ (á gasskyngjara)
- Aflnotkun í W hverju sinni (á orku-breytistykki)

Með hnappinum "Sensor" er valinn skynjari eða orku-breytistykki sem sýna á upplýsingar frá.

Með hnappinum "Unit" er hægt að velja mælieiningu.


Með hnappinum "Energy" er hægt að velja eftirfarandi notkunartímabil:

- Núverandi: Samtala síðustu 20 mínútna.
- Dagur: Samtala dagsins sem er að líða, frá kl. 0:00.
- Vika: Samtala vikunnar sem er að líða, frá mánudegi.
- Mánuður: Samtala mánaðarins sem er að líða, frá fyrsta degi mánaðar.
- Ár: Samtala frá upphafi reikningstímabils.

Hægt er að breyta reikningstímabilinu fyrir gas-/rafmagnsmæli í grunnstillingavalmyndinni (verksmiðjustilling er 01.01.) Fyrir millitenglaskynjara er alltaf stillt á 01.01.

Notkunarupplýsingarnar eru vistaðar í orku- og veðurstöðinni í tvö ár.

Ef þráðlaus tenging við tengt orku-breytistykki rofnar blikkar loftnetstáknid á skjáinn sýnir "-188 W" fyrir aflnotkun þá stundina.



Upplýsingar um orkunotkun

Litaða stíkan sýnir samanburð á mældri notkun valins skynjara hverju sinni samanborið við notkun fyrra árs:

- Ef núverandi notkun er minni færast örin á stíkunni yfir á ljósgræna eða dökkgræna svæðið. Hvert þrep til hægri gefur til kynna 5% minni notkun.
- Ef núverandi notkun er meiri en notkunin fyrir ári síðan fer örin yfir á appelsínugula eða rauða svæðið. Hvert þrep til vinstri gefur til kynna 5% aukningu á notkun.

Ef ekki eru færðar inn upplýsingar um notkun fyrra árs helst örin á gula svæðinu fyrstu tvær vikurnar eftir að mæling hefst. Á þessu tímabili er ekki hægt að bera saman tölur.

Upplýsingar um orkunotkun virka

- ekki fyrr en tveimur vikum eftir að mælingar hefjast þegar um orku-breytistykki er að ræða,
- ekki fyrr en tveimur vikum eftir að mælingar hefjast þegar um mælisskynjara er að ræða, eða strax ef upplýsingar frá fyrra ári hafa verið færðar inn í grunnstillingavalmynd.

Birtar eru upplýsingar um orkunotkun samkvæmt útreikningi samanburðargilda fyrir eftirfarandi atriði:

- Núverandi: Notkun síðustu 20 mínútna, reiknuð fyrir heilan dag, samanborið við miðgildi dags á fyrra ári +/- 1 vika.
- Dagur: Notkun dagsins á undan samanborið við miðgildi dags á fyrra ári +/- 1 vika.
- Vika: Notkun síðustu 7 daga samanborið við viku á fyrra ári +/- 1 vika.
- Mánuður: Notkun síðustu 30 daga samanborið við mánuð á fyrra ári.
- Ár: Notkun síðustu 365 daga (366 daga á hlaupári) samanborið við mánuð á fyrra ári.

Upplýsingar um orkunotkun á ársgrundvelli eru breytilegar eftir reikningstímabilinu sem stíllt er inn fyrir rafmagn/gas.

Ef um er að ræða skynjara og notkun fyrra árs er ekki tilgreind eða ef um er að ræða orku-breytistykki er miðgildi fyrstu tveggja viknanna notað sem samanburðargildi fyrsta árið.

Yfirlit yfir upplýsingar sem hægt er að sýna

Taflan hér fyrir neðan sýnir hvaða upplýsingar er hægt að sýna á stöðinni eftir því hvaða skynjarar eru tengdir við hana. Efri hluti töflunnar sýnir tengd tæki. Neðri hlutinn sýnir hvaða upplýsingar birtast á hvaða svæðum.

Tengd tæki	Dæmi						
	1	2	3	4	5	6	7
Orku- og veðurstöð	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Útiskynjari		✓		✓		✓	✓
LAN-breytistykki			✓	✓			✓
Orku-breytistykki							✓
Rafmagns-eða gasmælisskynjari					✓	✓	✓
Skjár							
Svæði ①	Innihiti	Hita-/rakastig utandyra	Útihiti (gátt)	Hita-/rakastig utandyra	Innihiti	Hita-/rakastig utandyra	Hita-/rakastig utandyra
Svæði ②	Rakastig innandyra	Hita-/rakastig innandyra	Hita-/rakastig innandyra	Hita-/rakastig innandyra	Rakastig innandyra	Hita-/rakastig innandyra	Hita-/rakastig innandyra
Svæði ③		Minnsti/mesti útihiti	Veð-urspá	Veð-urspá		Minnsti/mesti útihiti	Veð-urspá
Svæði ④	Dag-setning	Dag-setning	Dag-setning	Dag-setning	Orku-uppl.	Orku-uppl.	Orku-uppl.

Dæmi 1: Engin tæki tengd við orku- og veðurstöð

- Svæði ① : Innihiti
- Svæði ② : Rakastig innandyra
- Svæði ③ : Autt
- Svæði ④ : Dagsetning

Dæmi 2: Útiskynjari tengdur

- Svæði ① : Hitastig/rakastig utandýra
- Svæði ② : Hitastig/rakastig innandýra
- Svæði ③ : Minnsti/mesti útihiti
(endurstilling lágm.gildis kl. 7:30, hámg.gildis kl. 19:30)
- Svæði ④ : Dagsetning

Dæmi 3: LAN-breytistykki tengt

- Svæði ① : Útihiti (netgátt)
- Svæði ② : Hitastig/rakastig innandýra
- Svæði ③ : Veðurspá frá netgátt
- Svæði ④ : Dagsetning

Dæmi 4: Útiskynjari og LAN-breytistykki tengd

- Svæði ① : Hitastig/rakastig utandýra
- Svæði ② : Hitastig/rakastig innandýra
- Svæði ③ : Veðurspá frá netgátt
- Svæði ④ : Dagsetning

Dæmi 5: Rafmagns-/gasmælisskynjari tengdur

- Svæði ① : Innihiti
- Svæði ② : Rakastig innandýra
- Svæði ③ : Autt
- Svæði ④ : Orkuupplýsingar

Dæmi 6: Útiskynjari og rafmagns-/gasmælisskynjari tengdir

- Svæði ① : Hitastig/rakastig utandýra
- Svæði ② : Hitastig/rakastig innandýra
- Svæði ③ : Minnsti/mesti útihiti
(endurstilling lágm.gildis kl. 7:30, hámg.gildis kl. 19:30)
- Svæði ④ : Orkuupplýsingar

Dæmi 7: Útiskynjari, LAN-breytistykki, orku-breytistykki og rafmagns-/gasmælisskynjari tengd

- Svæði ① : Hitastig/rakastig utandýra
- Svæði ② : Hitastig/rakastig innandýra
- Svæði ③ : Veðurspá frá netgátt
- Svæði ④ : Orkuupplýsingar

Sending gagna og truflanir

Orku- og veðurstöðin tekur á móti gögnum frá skynjurum og breytistykkjum með 2–3 mínútna millibili.

Þar sem þráðlaus sendingin fer ekki um lokaða leið er ekki hægt að útiloka truflanir. Truflanir geta meðal annars orðið vegna rofa, rafmótora eða bilaðra rafeindatækja.

Ef truflanir verða á þráðlausum sendingum sem leiða til þess að reglubundinn gagnaflokkur milli skynjara/breytistykkis og orku- og veðurstöðvar rofnar er hin svokallaða þráðlausa samstilling milli tækjanna ekki lengur fyrir hendi.

Merki um að þráðlaus samstilling sé ekki fyrir hendi er þegar loftnetstáknið á svæði viðkomandi skynjara/breytistykkis blikkar.

Ef samstillingin rofnar leitar orku- og veðurstöðin að skynjaranum/breytistykkinu einu sinni á dag, í allt að sex mínútur á tilteknum tíma.

Til að koma samstillingu aftur á handvirkt verður að eyða tengingu skynjarans/breytistykkisins úr orku- og veðurstöðinni og tengja hana að nýju eins og lýst er í kaflanum "Tenging".

Þegar tengingu gas- eða rafmagnsskynjara eða orku-breytistykkis er eytt úr orku- og veðurstöðinni er orkuupplýsingunum sem skynjarinn hefur skráð þann daginn einnig eytt.

Allar upplýsingar sem skráðar voru fyrir þann dag verða áfram í minni orku- og veðurstöðvarinnar.

Eftirtalin atriði geta hindrað að þráðlaus samskipti milli orku- og veðurstöðvar og skynjara/breytistykkis fari fram með eðlilegum hætti:

Ekkert samband - Of langt/stutt er á milli sendisins og stöðvarinnar

Bilið milli sendisins og stöðvarinnar ætti að vera meira en 0,5 metrar. Ef engar hindranir eru milli sendis og stöðvar getur drægið verið allt að 100 metrar.

Ekkert samband - Milli sendis og stöðvar eru hindranir sem valda miklum truflunum (þykkir veggir, steinsteypa,...)

Færið sendinn og/eða stöðina á hentugri stað.

Merki frá sendi næst ekki vegna truflandi búnaðar (tækis sem sendir frá sér útvarpsbylgjur, þráðlausra heyrnartóla/hátalara)

Fjarlægið búnaðinn sem veldur truflunum eða færið sendinn og/eða stöðina á hentugri stað.

Í mörgum tilvikum eru truflanir aðeins fyrir hendi í tiltekinn tíma (á meðan þráðlaust talsamband er fyrir hendi) eða hægt er að lagfæra þær á einfaldan hátt. Ef notuð eru þráðlaus heyrnartól, þráðlaus barnapíutæki eða álíka tæki sem senda út á sama tíðnisviði í húsinu eða í nágrenninu er yfirleitt ekki kveikt á þeim nema í takmarkaðan tíma í einu.

Með flestum þessara tækja er hægt að skipta yfir á tíðni sem veldur ekki truflunum. Þannig er hægt að eyða truflunum á áhrifaríkan hátt.

Viðhald og þrif

Varan þarfnast ekki viðhalds að öðru leyti en því að skipta þarf um rafhlöður öðru hvoru. Látið fagmenn annast allar viðgerðir. Hreinsið vöruna með mjúkum, hreinum og þurrum klúti sem skilur ekki eftir sig kusk.

Ef um mikil óhreinindi er að ræða er hægt að væta klútinn lítillega með volgu vatni.

Notið ekki hreinsiefni sem innihalda leysiefni. Það getur valdið skemmdum á plasthúsinu og áletruninni.

Tæknilýsing

Spennugjafi:	3 V +/- 20%
Rafhlöður:	2 x LR6-rafhlöður (Mignon/AA) Notið ekki hleðslurafhlöður!
Straumnotkun:	u.þ.b. 140 µA
Tími milli þráðlausra sendinga:	2 til 3 mínútur (breytilegt)
Móttökutíðni:	868,35 MHz
Drægi án hindrana:	100 m
Umhverfishiti:	0 til 50 °C
Mál (B x H x D):	68 x 105 x 30 mm



Athugið

Framleiðandi og söluaðili þessarar orku- og veðurstöðvar taka enga ábyrgð á röngum mæligildum og þeim afleiðingum sem af þeim kunna að hljóta.

Veðurupplýsingar eru látnar í té af utanaðkomandi þjónustuaðila.


Framleiðandi og söluaðili hafa engin áhrif á móttæknar veðurupplýsingar og veðurspár. Framleiðandi ábyrgist ekki að upplýsingar séu ávallt tiltækar og réttar.

Tafla til að nota þegar tækið er tekið í notkun

Í eftirfarandi töflu er hægt að skrá hjá sér allar upplýsingar sem hafa þarf við höndina þegar orku- og veðurstöðin er tekin í notkun.

Færibreytur	Gildi
Raforkuverð á kílóvattstund	
Gasverð á kílóvattstund	
Umreiknistuðull gas - kWh/m ³	
Grömm af CO ₂ / kWh af rafmagni	
Grömm af CO ₂ / kWh af gasi	
Rafmagnsnotkun fyrra árs	
Gasnotkun fyrra árs	
Reikningstímabil fyrir rafmagn	
Reikningstímabil fyrir gas	

Ábending um förgun



Takið tómar rafhlöður strax úr og fargið þeim á umhverfisvænan hátt. Flegið rafhlöðum ekki með heimilissorpi. Upplýsingar um umhverfisvæna förgun fást hjá þar til bæru yfirvaldi á hverjum stað. Lögum samkvæmt ber notendum að skila notuðum rafhlöðum.

Samræmisyfirlýsing

Notkun orku- og veðurstöðvarinnar er leyfð í öllum aðildarríkjum ESB og EFTA.

Samræmisyfirlýsingu er að finna á niðurhalssvæðinu

www.download.gira.de.

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (séerverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagnakerfi
P.O. Box 1220
42461 Radevormwald
Þýskaland
Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 191
Netfang: www.gira.de
Vefslóð: info@gira.de

GIRA